

Morgunblaðið

Ótgef.: H. F. Árvakur, Reykjavík.
Ritstjórn: Jón Kjartansson.
Valtýr Stefánsson.
Ritstjórn og afgreiðsla:
Austurstræti 8. — Sími 500.
Auglýsingastjóri: E. Hafberg.
Auglýsingaskrifstofa:
Austurstræti 17. — Sími 700.
Helmasímar:
Jón Kjartansson nr. 742.
Valtýr Stefánsson nr. 1220.
E. Hafberg nr. 770.
Áskriftagjald:
Innanlands kr. 2.00 á mánuði.
Utanlands kr. 2.50 á mánuði.
Í lausabölu 10 aura eintakið.
20 aura með Leabók.

Stjórnarskiptin.

Þetta mál stóð þannig í gær, eftir því sem Mbl. veit best, að allt var í óvissu um það, hvað við tæki. Þingflokkarnir sitja marga fundi daglega og ráða ráðum sínum. — Ýmsar sögur gengu um bæinn í gær, um nýja leið út úr ógöngumum, en hvað hæft er í þeim veit blaðið ekki. Í gær átti Mbl. tal við Ásg. Ásgeirsson og sagði hann, að enn væri allt í óvissu um, hvort honum tækist að mynda stjórn, en væntanlega yrði úr því skorið í dag eða á morgun.

Önnur leikför til Akureyrar.

Eins og kunnugt er tók Leikfjallag Reykjavíkur upp þá nýbreytni í fyrra sumar, að fara til Akureyrar, og leika þar eitt af þeim leikritum, sem verið hafði á leikskrá ársins.

Þá var það leikritið **Hallsteinn og Dóra** sem fjelagið sýndi á Akureyri við ágætis viðtök og geysilega aðsókn. — Þar sem þessi leikför hefnadi í alla stadi svo ágætavel, og var bæði Norðlendingum og Leikfjallag Reykjavíkur til hins mesta gagns og ánægju, hefir nú aftur verið afraðið að gera leikför til Norðurlandsins í júnimánuði.

Það vill svo til að aftur er það nýtt leikrit eftir E. H. Kvaran — **Jósafat** — sem orðið hefir fyrir valinu. Þessi vinsæli höfundur, á svo mikil ítök í hugum manna víðs vegar um land, að af þeim leikritum, sem L. R. ræður yfir í svipinu eru það hans rit sem eru líklegust til að draga fólk að leikhúsinu. Eindregnar áskoranir hafa komið frá Leikfjall. Ak. og öðrum þar í bæ, um að L. R. takist þessa ferð á hendur. Stjórnendum fjelagsins mun það og fullljóst, að slíkar ferðir út um landið hljóta að skoðast sem veigamikill og merkur þáttur í starfi fjelagsins, — sem með því vikkar og auðgar starfsvið sitt til muna.

Upphaflega var gert ráð fyrir því, að sýna einnig Ímyndunarveikina á Akureyri í þessari ferð. En þar sem einn aðalleikandinn (Arndís Björnsdóttir) ekki vildi takast þá ferð á hendur gat ekki orðið af því, að sá leikur yrði sýndur norðanlands að þessu sinni.

Leikritið „Jósafat“ verður „sett upp“ á Akureyri með aðstoð leikfjallagsins þar, og hugsar L. R. gott til þeirrar samvinnu.

Fimtarðómurinn úr sögunni.

Breyting var gerð á honum í Efri deild, svo nú verður hann að fara í sameinað þing; en þar geta Sjálfstæðismenn ráðið niðurlögum hans.

Fimtarðómsfrumvarpið var til einnar umræðu í Efri deild í gær. Jón í Stóradal flutti svohljóðandi breytingartillögu við frumvarpið: „Við 8. gr. Tvær síðustu málsgreinarnar orðist svo:

Leita skal álits aðaldómara fimtarðóms, er veita skal aðaldómaraembætti, og skal síðan gera tillögu til konungs um veitinguna samkvæmt ályktun ráðherrafrundar.

Er veita skal aðaldómara lausn frá embætti, skal ályktun um það sömuleiðis gerð á ráðherrafrundi. Hann kvað fyrir sjer vaka með till. þessari, að reyna að tryggja sem best val dómara í æðsta dómstóli landsins. Hann hefði verið mótfallinn því, að afnema prófraunina. En þar sem eigi hefði fengist samkomulag um að halda prófrauninni, þá hefði hann við 2. umr. málsins í Ed. flutt brtt., þar sem lagt var til, að skipun dómara í fimtarðómi yrði tekin til meðferðar á ráðherrafrundi og forseta ráðuneytisins falið að gera till. um veitinguna til konungs.

Nú hefði felt þetta burt og væri því þessi till. einskona miðlun í málinu.

Jónas Jónsson kvaðst hafa tvent við þessa till. að athuga. Hið fyrra væri, að ef brtt. yrði samþ. myndi afleiðingin verða sú, að málið yrði að fara í sameinað þing og þýddi það sama og að fella það, því $\frac{2}{3}$ greiddra atkv. þyrfti þar til þess að samþ. mál. Hitt atriðið væri, að hugsunin bak við brtt. Jóns í Stóradal væri ekki rjett. Að okkar lögum bæri ráðherra ábyrgð á því sem hann gerði og ljeti ógert, og væri því óhugsandi, að ráðh. væri ætlað að framkvæma nokkuð gegn vilja sínum. Ef till. Jóns yrði samþ. gæti svo farið, að ráðherra sá, sem veitingarvaldið hefði í þessu máli yrði ofurliði borinn á ráðherrafrundi og hann látinn framkvæma verk sem hann væri mótfallinn.

Jón í Stóradal kvaðst ekki geta kent sjer um þótt svo kynni að fara, að þetta mál yrði að fara í Sp. Hann hefði stílt till. sinni svo í hóf, að allir mætti vel við una. Rjett væri það hjá dómsmálaráðh., að farið gæti svo, að ráðherrafrundur gerði aðra ályktun en einhverjum ráðherra líkaði, en þá gæti sá hinn sami dregið sig til baka frá sínu starfi, ef hann teldi ágreinignin stórvægilegan. — Kvaðst Jón leggja áherslu á að till. sín yrði samþ., að öðrum kosti myndi hann varla sjá sjer fært að greiða frv. atkvæði.

Jón Bald. lýsti yfir því, að hann greiddi atkv. á móti till. Jóns í Stóradal, en fylgdi frv. óbreyttu. Atkvgr. fór þannig, að brtt. Jóns í Stóradal var samþykkt með 8:6 atkv. (Með till. voru allir Sjálfstæðismenn, Jón í Stóradal og Guðmundur í Ási). Frv. var því næst samþ. með 7:6 atkv. (Sjálfstæðismenn á móti, en Jónas Jónsson greiddi ekki atkv. — taldi sama hvort frv. yrði dregið strax eða í Sp.).

Kona deyr af brunasárum.

Oliuuppkveikja veldur

Siglufirði, FB. 29. maí.

Slökkviliðið var kvatt í dag að Hafnargötu 8. Hafði kviknað þar í, er kona var að kveikja upp í eldavjel. Hafði hún skvett í eldinn úr oliubrúsa, en eldurinn læsti sig í brúsann. Eldurinn varð fljótlega slökktur og skemdist húsið lítið, en konan, Sesselja að nafni, kona Jóhanns tollþjóns, brendist allmikil, því oliubrúsin sprakk og kviknaði í fötum konunnar. Einnig brendist maður hennar, er hann slökkti eldinn í fötum hennar. Eru þau bæði undir lækni hendu.

Siglufirði, FB. 30. maí.

Sesselja Jónsdóttir, konan, sem brendist í gær, ljest í dag af brunasárumum á sjúkrahúsinu hjer, en þangað var hún flutt þegar í gær. — Þegar kviknaði í oliubrúsanum hljóp hún með hann fram ganginn og niður stigann, en þar sprakk brúsin í höndum hennar. Logandi olían læsti sig um fötin og stóðu þau og há konunnar í ljósum loga, þegar menn komu að. Dóttir Sesselju og tveir karlmenn, sem slökktu eldinn í fötum hennar, brendust talsvert á höndum, og annar karlmanna á andliti. Ekkert þeirra brendist hættulega.

Sesselja var um fimtugt, mesta dugnaðarkona, og vel látin. Hún var gift Jóhanni Sveinbjörnssyni tollþjóni hjer, bróður Tryggva sendiherraritarar. — Tvær dætur þeirra eru nú á sjúkrahúsum. Eldurinn í húsinu varð þegar slökktur og skemdist húsið lítið, nema málning sviðnaði og gólf á ganginum.

Fær Catalonía sjálfstjórn?

Madrid, 28. maí.

United Press. FB.

Azana forsætisráðherra hefir haldið ræðu á þjóðþinginu í til efni þess, að lagt hefir verið fram frumvarp, sem veitir Kataloníu rjettindi til sjálfstjórnar. Hefir ríkisstjórnin fallist á frumvarp þetta. Sagði Azana m. a., að það mundi verða lýðveldinu til mikillar velferðar, ef það frjálslýndi ríkti með spánversku þjóðinni, að landshlutar gæti fengið sjálfstjórn innan lýðveldisins, án þess að þjóðin sundrast. Spánverjum mun nú skiljast, sagði Azana, að hin sauna þjóðræknir hlýtur að byggjast á því, að Spánverjar hvar sem þeir eru búsettir í landinu, geti fengið að ráða málum sínum að eigin geðþótta og lífa lífi sínu þannig, að þeir gæti haldið þjóðernislegum einkennum sínum innan vjebanda lýðveldisins. — Ræða Azana fekk góðar undirtektir og er búist við, að þessi stefna stjórnarinnar verði til eflingar hinum ýmsu lýðveldisflokkum og lýðveldinu yfirleitt.

Þar með má segja, að fimtarðómurinn sje úr sögunni að þessu sinni, því að hann verður að fara í sameinað þing, en þar geta Sjálfstæðismenn einir ráðið niðurlögum hans. Er það vel farið, að þessu óhappaverki hins fráfarandi dómsmálaráðherra skuli þar með afstýrt.

Deilan í Bolungarvík.

Mannflutningar.

Ísafirði, FB. 30. maí.

Í gærdag fór söngflokkur frá Ísafirði til Bolungavíkur og með honum allmargt manna hjeðan, m. a. Hannibal Valdimarsson, til viðtals við verkalyðsfjelaga í Bolungavík. Þegar Hannibal hafði sest að kaffidrykkju í Bolungavík ásamt öðrum, gerði Högni Gunnarsson boð fyrir hann, og kvaðst ásamt nokkrum mönnum hafa ákveðið að flytja Hannibal til Ísafjarðar nauðugan, ef hann vildi ekki fara sjálfviljugur. Gengu þeir síðan inn fyrir Hannibal í anddyri hússins og leiddu hann nauðugan til skips. Var það flokkur 20—30 manna. Einn maður reyndi að veita viðnám, er þeir fóru með Hannibal um götuna, og nokkrar sviftingar urðu með Högna og Hannibal, en að öðru leyti rýskingalaust.

Finnur Jónsson, formaður verkalyðssambandsins, fór ásamt lögregluþjónum á vjelbát á móts við þá Bolvíkinga. Fylgdust þeir að bryggju og ljet lögregluþjónum þá fjóra Bolvíkinga, sem á vatnum voru, Högna Gunnarsson, Guðjón Jónsson, Guðbjart Þórarinnsson og Jón Halldórsson í fanga húsið. Hannibal bauðst til og fór inn líka. Fulltrúi bæjarfógeta, sem settur er í fjarveru hans, var ekki í bænum, en kom eftir stutta stund, og ljet hann þegar sleppa mönnum þessum, og fóru þeir síðan heim. Fulltrúinn segir, að kæra hafi ekki borist á skrifstofu embættisins enn þá.

Í gærkvöldi fóru ýmsir forkólfar verkalyðsfjelaganna hjer, þar á meðal Hannibal, alls rúm 20, til Bolungavíkur, og hjeldu þar almennan fund. Var þar hark nokkurt, en að öðru leyti rýskingalaust. Engin ályktun tekin.

Vinnudeilan í Bolungavík er milli Verkalyðsfjelags Bolungavíkur annars vegar og Bjarna Fannbergs og Högna Gunnarssonar og svo sjómanna á þrem vjelbátum. Er þeir kaupa eða taka fisk af hins vegar. Kauptaxti verkalyðsfjelagsins er annar aðalatvinnurekandinn hefir ritað undir, er 80 aurar fyrir karlmenn, 50 aurar fyrir kvenmenn, en þeir Bjarni og Högni vilja færa kaupnið niður í 70 aurar og 45 aurar. — Vinnustöðvun hefir ekki verið framkvæmd hjá þeim fjelögum, en verkamálaráðið hefir lýst afgreiðslubanni á báta þeirra.

Allsherjarverkfali í Sevilla.

Sevilla, 30. maí.

United Press. FB.

Allsherjarverkfali hófst á miðnætti. Hætti þá öll umferð leigubifreiða, sporvagna o. s. frv., en brauðgerðarhúsum var lokað. Allsherjarverkfalið á að standa tvo sólarhringa og var boðað að fyrirskipun deildar syndikalista í Sevilla. Upphaflega hafði verið ráðgert, að verkfallið stæði yfir frá 26. maí til 2. júní. — Hjerads stjórnin í Sevilla hefir tilkynnt, að herlið haldi uppi nauðsynlegum samgöngum. — Tilraun var gerð til þess að kveikja í Santa Catalina kirkjunni, en slökkviliðið kom í veg fyrir það.



Frú Ágústa Sigfúsdóttir.



Frú Ágústa Sigfúsdóttir, ekkja Sighvatar Bjarnasonar bankastjóra andaðist í Landakotsspítala í gærmorgun. Í fyrrasumar kendi hún sjúkdóms þess, er dróg hana til dauða, innvortismeinsemdar. — Lá hún rúmfast í vetur, var skorin upp fyrir fáum dögum, versnaði snögglega í fyrradag.

Frú Ágústa var fædd að Tjörn í Vatnsnesi þ. 9. jan. 1864. Var hún dóttir sr. Sigfúsar Jónssonar, síðar prests á Undirfelli.

Ung fluttist hún hingað til Reykjavíkur. Þ. 29. okt. 1886 giftist hún Sighvati Bjarnasyni, sem þá var bókarí í Landsbankanum. Þeim varð 9 barna auðið. Tvö dóu ung. En sjö náðu fullorðins aldri. Tvær dætur mistu þau hjón síðar, Þorbjörgu fyrri konu Magnúsar Þjeturssonar lækni og Jakobínu konu Georgs Gíslasonar. Fimm systkinin eru á lífi: Frú Emília kona Jóns Kristjánssonar lækni, Bjarni verslunarmaður, frú Sigriður Trybom í Stokkhólmi. Ásta; kenslukona á Blönduósi gift Karli Helgasyni póstmestara og Sigfús váttryggingarforstjóri hjer í Rvík.

Mestan hluta æfi sinnar dvaldi frú Ágústa hjer í Reykjavík, stýrði stóru gestkvæmu heimili, þar sm menn komu svo að segja af öllum landshornum til styttri og lengri dvalar.

Hvenær sem var og hvernig sem á stóð, var húsmóðirin hin sama glaðvera gestrisna rausnarkona, er allra götu vildi greiða. Hún var kona djörf og stórhuga höfðingi í lund, eins og hún átti kyn til. Ljet hún sig skifta ýms mál utan heimilisins, var t. d. í fremstu röð þeirra sem vildu vinna heimilisiðnaði gagn, með Thorvaldsensbazar og gjaldkeri Landsspítalasiðsnefndar var hún langa tíð. Fleiri málefni ljet hún sig skifta, enda var hún kona einbeitt og framtakssöm, með vakandi áhuga fyrir öllu því er hún hafði afskipti af. Alt sem hún tók sjer fyrir hendur, smátt sem stórt, leysti hún af hendi með skörungskap. Hún var mikilhæf kona, er mikil eftirsjá er að fyrir alla sem henni kyntust.

Nazistar vinna í Oldenburg.

Oldenburg, 30. maí.

United Press. FB.

Nazistar unnu 24 þingsæti af 46 og hafa því meiri hlutavald á þingi fríríkisins. Jafnaðarmenn fengu 9 þingsæti, Miðfl. 7, Nationalistar 2, Kommúnistar 2, Stjórnarskrárflokkurinn 1, Landvolkl. 1, Unnu Nazistar á í baráttunni við alla hina flokkana.